

Fundargerð

Símafundur stýrihóps

Dags. Fundar: 13-2-2019	Staðsetning: Vonarland EGS	Fundur settur: 13:40
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 15:50

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
x	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
X	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
X	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
x	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
X	Guðrún Áslaug Jónsdóttir	Austurbrú
X	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknamiðstöð HA
x	Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Austurbrú
X	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

1. Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins 2019
2. Samtal við Austurbrú um samfélagsvísa
3. Breytingar á vísum
4. Önnur mál

1. Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins 2019

Samþykkt að ársfundur verkefnisins verði haldinn á Reyðarfirði 30. apríl kl. 14 – 17. Starfsmenn bóka sal fyrir fundinn. Samkvæmt hefð verður óskað eftir því að bæjarstjóri Fjarðabyggðar stýri fundi og að fulltrúi Alcoa Fjarðaáls setji fundinn. ABS og DÝS skoða það.

Þema fundarins verði lífríkið með áherslu á gróður. Eftir samtal við Náttúrustofu Austurlands voru gerðar tvær tillögur um samantektir til að vinna og kynna á ársfundi. Báðar hugmyndir samþykktar.

Fleiri hugmyndir ræddar um áhugaverð erindi. Starfsmenn hafa samband við mögulega fyrirlesara. ÁÓ og DÝS ræða innan sinna fyrirtækja kynningar frá þeim.

Hópastarf verði ekki eins og undanfarin ár en áhugavert ef hægt væri að skapa umræður.

Allir hugsa um lýsandi yfirskrift fyrir fundinn.

2. Samtal við Austurbrú

Framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir, kom inn á fundinn og gerði grein fyrir hugmyndum um það hvernig Sjálfbærni- og Verkefni gæti tekið markvissar mið af samfélagsbreytingum og fangað lykilþætti. Fyrir fundinn hafði hún sent minnisblað sem fundarmenn höfðu kynnt sér.

Rætt að verkefnið þurfi að vera íhaldssamt varðandi núverandi vísa en geta þó þróast í takt við tímann. Reynslan sýnir að sumir vísar breytast mjög hægt eða ekkert og því óþarfi að uppfæra þá árlega. Einnig geta aðstæður hafa breyst þannig að vísar sem voru viðeigandi í upphafi eru það ekki endilega lengur. Endurskoðun á tíðni uppfærsla gæti skapað svigrúm til að taka inn nýja vísa eða skoða sérstaklega það sem er efst á baugi hverju sinni.

Samstarf og samtal gæti aukið sýnileika verkefnisins og þar með notagildi

ÁÓ og DÝS ræða þessar hugmyndir við sitt fólk.

3. Breytingar á vísu

Það þarf að uppfæra vöktunaráætlun og markmið nokkuð margra vísa. Starfsmenn vinna það í samráði við ábyrgðarmenn vísa og leggja fram lista tímanlega fyrir ársfund.

Rætt að þar sem gögn eru ófánleg sé óþarfi að gera breytingu á vísi. Betra er að leyfa honum að standa og setja athugasemd um að vöktun sé í bið.

4. Önnur mál

Dagmar Ýr Stefánsdóttir kemur ný inn í stýrihóp sem fulltrúi Alcoa Fjarðaáls í stað Geirs Sigurpáls Hlökkverssonar. Geir sendi kveðju inn á fundinn þar sem hann þakkaði samstarfið og óskaði verkefninu velfarnaðar. Stýrihópur þakkar Geir sömuleiðis fyrir samstarfið og framlag hans til verkefnisins og óskar honum alls hins besta.

Starfsmenn og stýrihópur stefna að því að heimsækja systurverkefnið Gaum á Húsavík miðvikudaginn 13. mars.

Fundi slitið kl. 15:50